

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 19. febrúar 2021.

Mál nr. 791/2019:

Dánarbú A

(Magnús Óskarsson lögmaður,
Eiríkur Guðlaugsson lögmaður, 1. prófmál)

gegn

B

(Jón G. Briem lögmaður)

og gagnsök

Lykilorð

Dánarbú. Endurgreiðslukrafa. Lán. Gjöf. Sönnunarbyrði. Sýkna. Málskostnaður.

Útdráttur

A lést árið 2018 og var dánarbú hennar tekið til opinberra skipta sama ár. Á árunum 2009 til 2011 lagði A samtals 3.772.000 krónur inn á bankareikning sonar síns B. Db. A höfðaði mál á hendur B til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar og reisti kröfu sína á því að um lán frá A til B hefði verið að ræða. B hélt því fram að fjármunirnir hefðu verið gjöf frá A sem hefði viljað styðja hann fjárhagslega af nánar tilgreindum ástæðum. Í dómi Landsréttar kom fram að B bæri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni um eðli þeirra greiðslna sem um væri deilt í málinu. B hefði leitt nægilegar líkur að því að greiðslurnar hefðu verið gjöf til hans úr hendi A. Samkvæmt því var hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir og Hildur Briem, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 27. nóvember 2019. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Suðurlands 12. nóvember 2019 í málinu nr. E-[...]/2019.
- 2 Aðaláfrýjandi krefst þess að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 3.772.000 krónur ásamt almennum vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. mars 2015 til 10. febrúar 2019 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti 6. janúar 2020. Hann krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því að krafist er málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Málsvikur og málsástæður aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram lést A [...] 2018 og var dánarbú hennar tekið til opinberra skipta. Erfingjar A eru börn hennar tvö, gagnáfrýjandi og hálf systir hans, C. Ekki er um það deilt í málinu að A heitin lagði inn á eða millifærði á bankareikning gagnáfrýjanda samtals 3.772.000 krónur í 22 skipti frá 6. febrúar 2009 til 20. júlí 2011. Aðaláfrýjandi reisir kröfu sína um endurgreiðslu fjármunanna á því að um lán hafi verið að ræða. Gagnáfrýjandi heldur því á hinn bóginn fram að fjármunirnir hafi verið gjöf A til hans en hún hafi viljað styðja hann fjárhagslega þar sem hann hafi verið öryrki um árabíl og tekjulíttill af þeim sökum. Ber gagnáfrýjandi sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni um þetta.
- 5 Sem að framan greinir innti A af hendi fjármunina sem um ræðir með 22 greiðslum á tæplega tveggja og hálf árs tímabili en hver greiðsla um sig nam ekki verulegri fjárhæð. Þá er fram komið að um fleiri sambærilegar greiðslur var að ræða næstu ár á undan. A lét þess hvorki getið í greiðslubeiðnum hjá viðskiptabanka sínum að um lán til gagnáfrýjanda væri að ræða né tilgreindi hún í skattframtölum að hann stæði í skuld við hana. Er óumdeilt að breytingar á skattframtali hennar í þá veru árið 2011 voru að tilhlutan C. Fyrir liggur að A geymdi kvittanir og bankayfirlit um greiðslurnar en gögn málsins bera jafnframt með sér að hún hafi geymt og safnað margvíslegum varningi. Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi er óupplýst hvaða gögn umslög sem afhent voru dánarbúinu höfðu haft að geyma. Þá var enginn reki gerður að því að krefja gagnáfrýjanda um endurgreiðslu fjármunanna fyrr en að A látinni.
- 6 Samkvæmt framangreindu þykir gagnáfrýjandi hafa leitt nægilegar líkur að því að þær greiðslur sem um er deilt í málinu hafi verið gjöf til hans úr hendi móður hans. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað.
- 7 Aðaláfrýjanda verður gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti, sem ákveðinn verður í einu lagi eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, dánarbú A, greiði gagnáfrýjanda, B, 900.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 12. nóvember 2019

Mál þetta, sem dómtekið var 22. október sl., er höfðað með stefnu birtri 25. febrúar sl.

Stefnandi er dánarbú A, kt. [...], [...].

Stefndi er B, kt. [...], [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 3.772.000 krónur ásamt almennum vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. mars 2015 til 10. febrúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr.

sömu laga af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af stefnukröfum eða að þær verði lækkaðar verulega. Þá er þess krafist að upphafsdagur vaxta verði mun síðar en krafist er í stefnu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Mál þetta er höfðað af dánarbúi sem tekið var til opinberra skipta þann 15. október 2018 en stefndi er sonur hinnar látnu, A, en hún lést þann [...] 2018. Á skiptafundi þann 7. febrúar sl. fór fram atkvæðagreiðsla um það hvort halda ætti áfram innheimtu vegna kröfu stefnanda á hendur stefnda, en á fundinum voru mætt erfingjar A, stefndi og dóttir hennar, C. Atkvæði féllu jöfn og tók skiptastjóri þá ákvörðun í samræmi við ákvæði 5. mgr. 70. gr. laga nr. 20/1991 að innheimtuaðgerðum skyldi haldið áfram.

Í stefnu er því haldið fram að A hafi lánað stefnda umtalsverðar fjárhæðir frá árinu 2009 til ársins 2011, en stefndi heldur því fram að ekki hafi verið um lán að ræða, heldur styrki eða gjafir. Stefnandi bendir á að A hafi geymt kvittanir og yfirlit yfir millifærslur til stefnda í umslögum sem merkt hafi verið sem skuldir stefnda eða með álíkum hætti. Ekki er ágreiningur um það að A hafi í 22 skipti frá 6. febrúar 2009 til 20. júlí 2011 lagt inn á eða millifært á bankareikning stefnda samtals 3.772.000 krónur. Þann 26. júlí 2011 mun A hafa verið lögð inn á bráðadeild [...] og í kjölfarið hafi hún verið færð á lokaða heilabilunardeild [...]. Hún mun hafa verið svipt lögræði þann 12. september 2011 og búið á [...] frá [...] 2012 til dánardags. Innheimtuviðvörðun mun hafa verið send stefnda þann 10. janúar sl., en með bréfi dagsettu þann 4. febrúar sl. mun lögmaður stefnda hafa mótmælt kröfum stefnanda.

Stefndi kveður A hafa verið ákaflega hjálpsama og hafi hún viljað leggja honum lið, enda hafi hann verið öryrki um margra ára skeið. Þá hafi hún viljað bæta honum að hann hafi ekki fengið sambærileg hlunnindi og C systir hans hafi fengið í formi lágrar leigu fyrir [...] sem A hafi átt. Þá hafi A talið að C hafi svikið út úr sér eignarhlut sinn í [...] eftir skipti við D sambýlismann sinn og föður C. Þá bendir stefndi á að C hafi unnið á [...] og hafi því verið eðlilegt að hún annaðist gerð skattframtala fyrir A.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að gögn málsins sýni að greiðslur A til stefnda hafi verið lán, hún hafi geymt öll gögn, kvittanir og yfirlit yfir millifærslur til stefnda. Þá hafi hún yfirlétt ljósritað gögnin í þrúriti og geymt þau. Hefði verið tilgangslaust að geyma kvittanir og gögn með framangreindum hætti ef um gjafir eða styrki hefði verið að ræða. Þá hafi hún geymt kvittanir og yfirlit yfir millifærslur í umslögum sem merkt hafi verið sem skuldir stefnda.

Fyrir liggir að ástand A hafi verið mjög slæmt þegar hún hafi verið lögð inn á bráðadeild [...] þann 26. júlí 2011, hún hafi verið greind með [...] og [...]. Sé ljóst að hún hafi verið veik í þó nokkurn tíma fyrir innlögn og í ljósi veikinda hennar hafi stefnda borið að ganga frá málum með öruggum hætti þannig að vilji og tilgangur A með umræddum ráðstöfunum væri ljós. Hafi raunverulega verið um gjafir að ræða hafi stefnda borið að tryggja sér sönnun um það, enda um háar fjárhæðir að ræða og margar greiðslur. Þá hafi skuld stefnda við A komið fram á skattframtölum hennar frá árinu 2011 eftir að C, dóttir A, hefði sent leiðréttingarbeiðni til ríkisskattstjóra. Þá teljist gjafir eða styrkir til skattskyldra tekna og sé ljóst að greiðslur A til stefnda hafi verið það háar að ekki hafi verið um tækifærisgjafir að ræða. Þá liggir ekkert fyrir um að stefndi hafi greitt skatt af greiðslum A til hans. Stefnandi telur að engin gögn styðji þá fullyrðingu stefnda að með greiðslum A til hans hafi hún viljað bæta upp fyrir lága leigu sem dóttir hennar hafi greitt vegna leigu á húsnæði í eigu A.

Stefnandi rökstyður vaxtakröfu sína með þeim hætti að oft beri að greiða vexti af peningakröfu þótt ekki hafi verið um það samið, ef lánveiting hefur verið til langs tíma og lánsfjárhæð ekki smávægileg. Vegna reglna um fyrningu á vaxtakröfum gerir stefnandi aðeins kröfu um vexti fjögur ár aftur í tímann,

en dráttarvaxta sé krafist frá þeim tíma er mánuður var liðinn frá því stefnda var send innheimtuviaðvörð þann 10. janúar 2019.

Stefnandi vísar til meginreglu kröfurettar um efndir fjárskuldbindinga, en hún fái m.a. lagastoð í 45. og 51. gr. laga nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 49. gr. sömu laga. Krafa um almenna vexti er studd við 3. og 4. gr. laga nr. 38/2001 og krafa um dráttarvexti er studd við III. kafla sömu laga. Málskostnaðarkrafa er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að almennar sönnunarreglur einkamála leiði til þess að stefnanda beri að sanna og rökstyðja kröfur sínar sem byggist á því að greiðslur A til stefnda hafi verið lán sem beri að endurgreiða með vöxtum. Stefndi mótmælir því að stefnanda hafi tekist sú sönnun.

Stefndi byggir á því að A hafi ávallt haft frumkvæði að greiðslunum og oft sagt honum af hverju hún greiddi en hún hafi aldrei sagst vera að lána honum. Stefndi hafi aldrei falast eftir láni frá A og hefði ekki viljað fá slíkt lán. Það hefði kallað á endurgreiðslu sem hann hefði ekki getað ábyrgst. Í skattframtölum A frá 2003 til og með 2010 telji hún ekki fram kröfu á hendur stefnda. Stefndi telur það styðja þá málsástæðu hans að hún hafi ekki hugsað greiðslurnar sem lán. C dóttir A setji lánin fyrst á skattframtal A 2011 og er því mótmælt að hún hafi haft umboð til þess. Stefndi byggir á því að það hafi meira vægi sem sönnun hvað A hefði sjálf sett inn á skattframtöl sín, en það sem C hefði sett þar inn eftir lögræðissviptingu A.

Stefndi byggir á því að A hafi geymt kvittanir fyrir hverju sem var og mótmælir því að geymsla kvittana sem varði stefnda teljist sönnun þess að hún hafi ætlað honum að endurgreiða þær upphæðir. Hún hafi aldrei krafist stefnda um endurgreiðslu og þá mótmælir stefndi því að þær kvittanir sem lagðar séu fram hafi komið upp úr þeim umslögum sem dskj. 21 sýni. Þá mótmælir stefndi því sem röngu og órökstuddu að veikindi A eigi að leiða til þess að sönnunarbyrði um eðli greiðslanna eigi að flytjast yfir á hann. Hann hafi engin tók á að sanna tilgang hvernar greiðslu, enda hafi hann ekki alltaf vitað af þeim. Þá mótmælir stefndi því að samþykki ríkisskattstjóra við því að upplýsingar um ætlaðar skuldir stefnda væru færðar inn á framtalið skeri úr um það hvort um lán hafi verið að ræða eða ekki. Það sé ljóst að hann hafi aðeins fengið upplýsingar frá C, sem hafi verið [...]. Hafi stefndi ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort um lán, styrk eða gjafir hafi verið að ræða. Þá mótmælir stefndi því sem röngu og órökstuddu að jafnvel þótt stefndi hefði ekki greitt skatt af fjárstuðningi A, sanni það að um lán hafi verið að ræða en ekki gjafir. Með því væri skattframtali gert hærra undir höfði en tilefni sé, en skattframtöl séu aðeins tilkynningar til skattýfirvalda um álagningarstofna.

Stefndi byggir á því að meginreglan sem fram komi í 3. gr. laga nr. 38/2001 sé skýr, hafi aðilar ekki samið um vexti eigi kröfuhafi ekki rétt á þeim. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að undantekningarregla sé til sem beita skuli.

Stefndi reisir málskostnaðarkröfu á 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Ekki er um það deilt í máli þessu að A, móðir stefnda og hálf systur hans, C, hafi innt þær greiðslur af hendi til stefnda sem mál þetta snýst um og er hvorki ágreiningur um fjárhæðir né dagsetningar. Snýst ágreiningur aðila um það hvort greiðslurnar hafi verið í formi láns til stefnda eða hvort um styrki eða gjafir til hans hafi verið að ræða eins og hann heldur fram. Ljóst er að A sjálf taldi ekki fram skuldir stefnda við hana á skattframtölum, það gerist ekki fyrir en C dóttir hennar sendir leiðréttingarbeiðni til ríkisskattstjóra á árinu 2011, en um þær mundir mun A hafa verið lögð inn á heilabilunardeild. Það eina sem bendir til þess að stefndi hafi staðið í skuld við móður sína eru umslög sem hún merkti „skuldir B“ en ekki hefur verið upplýst í máli þessu hvaða kvittanir eða yfirlit yfir millifærslur hafi verið í þessum umslögum. Að mati dómsins liggur því ekki fyrir svo óyggjandi sé hver vilji A hafi verið í þessum efnunum. Þá ber til þess að líta að ekki er óalgennt að foreldrar styrki börn sín án þess að ætlast

til endurgreiðslu eða að um fyrirframgreiddan arf sé að ræða. Þá verður ekki fram hjá því horft að C, hálf systir stefnda, annaðist gerð skattframtala fyrir móður sína, en sem erfingi í dánarbúinu hefur hún hagsmuni af því að umræddar greiðslur til stefnda teljist vera lán til hans sem honum beri að endurgreiða dánarbúinu.

Eins og mál þetta er vaxið verður að telja að það standi stefnanda næst að sanna að greiðslur A til hans hafi verið lán sem honum beri að endurgreiða. Með vísan til alls framanritaðs verður að telja að sú sönnun hafi ekki tekist og verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kvað upp dóminn.

DÓMSORÐ:

Stefndi, B, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, dánarbús A, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.